

Nd.

18. Frumvarp til laga

[18. mál]

um breyting á umferðarlögum, nr. 26 2. maí 1958.

Flm.: Skúli Guðmundsson.

1. gr.

Í stað 1.—4. mgr. 81. gr. laganna komi:

Svipta skal mann rétti til að stjórna vélknúnu ökutæki, ef hann hefur orðið sekur um mjög vítaverðan akstur, eða ef telja verður, með hliðsjón af eðli brotsins eða annars framferðis hans sem ökumanns, varhugavert vegna öryggis umferðarinnar, að hann hafi ökuleyfi. Réttindasvipting skal vera um ákveðinn tíma, eigi skemur en 1 mánuð, eða að fullu og öllu, ef miklar sakir eru eða um ítrekað brot er að ræða. Ef kærði hefur verið sviptur réttindum um stundarsakir samkvæmt ákvæðum 6. mgr. hér á eftir, skal ákveðið í dómi, hvort sá tími skuli dragast frá endanlegum sviptingartíma.

Nú hefur maður verið sviptur ökuleyfi eða rétti til að öðlast það um lengri tíma en 3 ár, og getur þá dómismálaráðherra, er 3 ár eru liðin frá sviptingunni og sérstakar ástæður mæla með því, ákveðið, að honum skuli veitt ökuleyfi að nýju eða réttur til að öðlast það, enda sé sannað, að hann hafi ekki gerzt brotlegur við áfengislöggjöf um þriggja ára skeið að undanfögnu. Umsókn um endurveitingu ökuleyfis samkvæmt þessari málsgrein skal fylgja vottorð tveggja valinkunnra manna um reglusemi og góða hegðun umsækjanda í næstliðin 3 ár. Slíkt leyfi má þó eigi veita sama manni oftár en einu sinni, nema 6 ár séu liðin frá síðustu réttindasviptingu.

Nú hefur stjórnandi vélknúins ökutækis gerzt brotlegur við 1. eða 2. sbr. 3. og 4. mgr. 25. gr., og skal hann þá sviptur ökuleyfi eða rétti til að öðlast það að fullu og öllu.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. þessarar greinar er ráðherra ekki heimilt að veita þeim manni ökuleyfi á ný eða rétt til að öðlast það, sem hefur verið sviptur þessum réttindum vegna brota á 1. eða 2. sbr. 3. og 4. mgr. 25. greinar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Bifreiðaárekstrar eru mjög tíðir hér á landi og valda gifurlegu tjóni. Menn láta lífið og margir verða fyrir limlestingum í bifreiðaslysum, en þar að auki er það stórkostlega fjárhagstjón, er þau valda. Oft stafa slysin af því, að menn eru ölv- aðir við akstur ökutækja. Með því brjóta þeir umferðarlögin, en refsingar fyrir lagabrot af því tagi eru of vægar.

Í þessu frumvarpi er lagt til, að sú breyting verði gerð á umferðarlögunum, að þeir menn, sem aka bifreið eða öðru vélknúnu farartæki, þegar þeir eru undir áhrifum áfengis, skuli sviptir ökuleyfi að fullu eða rétti til að öðlast það. Ætla má, að þeim mönnum fækki, sem gera sig seka um að hreyfa ökutæki, þegar þeir hafa neytt áfengis, ef þeir eiga á hættu að tapa ökuréttindum ævilangt fyrir þann verknað, og þá mun umferðarslysunum fækka.